

Mentor- upplýsingar fyrir aðstandendur

Skólaárið 2020-2021

Hér á eftir eru nokkrar hagnýtar upplýsingar um Mentor kerfið sem skólinn notar til að halda utan um námsframvindu nemenda og samskipti heimilis og skóla. Við viljum hvetja foreldra til að kynna sér vel upplýsingarnar og vera í sambandi við skólann ef eitthvað er óljóst eða upp kemur vandi varðandi kerfið.



Við viljum vekja sérstaka athygli á því að vegna uppfærslu á léni hjá Mentor þurfa þeir notendur sem þegar hafa hlaðið niður infoMentor home appinu sem tengist kerfinu að para það aftur. Uppfærslan hefur aðeins áhrif á aðgang að appinu ekki að vefnum í tölvu eða snjalltæki. Neðar í þessu bréfi er fjallað nánar um infoMentor home appið og uppsetningu á því.

Minn Mentor


Aðstandendur og nemendur eiga sitt heimasvæði á Mentor sem við köllum **Minn Mentor**. Hver og einn fer inn á sinni kennitölu og lykilorði og getur þá fylgst með skólagöngu hjá barninu/börnunum sínum. Til að komast á þitt heimasvæði ferð þú á heimasíðu Mentors www.infomentor.is og smellir á „Innskráningu“. Notandanafnið er kennitalan þín. Ef þú hefur gleymt lykilorðinu þínu eða ert nýr notandi getur þú smellt á „Gleymt lykilorð“ og slegið inn kennitöluna þína. Þá færðu nýtt lykilorð sent í tölvupósti á netfangið þitt sem skráð er í Mentor. Ef lykilorðið berst ekki þarftu að hafa samband við skólann og athuga hvort skráning þín sem aðstandanda sé rétt og hvort rétt netfang er skráð. Einnig skaltu athuga hvort að pósturinn hafi nokkuð farið í ruslpóst (junk mail). Hafðu samband við skólann ef það þarf að leiðrétta upplýsingarnar.

Nemendur eiga **EKKI** að vera með sama lykilorð og foreldrar. Mikilvægt er að aðstandendur haldi lykilorði sínu að InfoMentor fyrir sig og að börnin noti sinn eigin aðgang inn í kerfið. Hafa ber í huga að aðstandendur hafa aðgang að ákveðnum þáttum eins og t.d. að skrá forföll sem börnin hafa ekki og því mikilvægt að tryggja að lykilorð foreldra sé einungis notað af þeim

Að búa til lykilorð fyrir nemandann

Ef barnið hefur verið með aðgang en hefur gleymt lykilorðinu þá er farið eftir sömu leiðbeiningum og hér að ofan s.s. smella á *Gleymt lykilorð* en þá þarf virkt netfang að vera skráð á nemandann. Ef nemandinn hefur ekki verið með lykilorð áður geta aðstandendur

búið til lykilorð fyrir barnið inn á *Minn Mentor*. Aðstandandi skráir sig inn á *Minn Mentor* í gegnum vefinn (ekki appið) og smellir þar á fjólubláa flísina, *Fjölskylduvefur*. Þá kemur upp *nemendaspjaldið* og þá er smelt á flipann *Nemandi* og þá birtist forsíða nemendaspjaldsins. Fyrir neðan myndina af barninu stendur *Breyta lykilorði* og þegar smelt er á það opnast nýr gluggi þar sem aðstandandi og/eða



nemandinn getur búið til lykilorð. **Við mælum með því að nemendur séu með sama lykilorð að Mentor og að tölvukerfi skólans (G-svítunni).**



Á Mentor birtast nokkrar „flísar“ sem gera nemendum og foreldrum þeirra kleift að fylgjast með námsframvindunni t.d. Ástundun, Vikuáætlun (heimavinnu), Námslotum og Námsmati. ýmsum tilkynningum og ástundun nemenda. Reglur varðandi ástundun er að finna á vef skólans.

Tilkynna þarf daglega um veikindi.

Til þess að minnka álag á skrifstofuna hvetjum við aðstandendur til þess að tilkynna veikindi barns í gegnum InfoMentor. Smellt er á *ástundunarreitinn* og þar sérð þú hnappinn *Tilkynna veikindi*. Með því að smella á hann getur þú valið daginn í dag eða á morgun. Um leið og skólinn hefur samþykkt þessa tilkynningu færð þú tölvupóst til staðfestingar á því að skráning hafi tekist og liturinn á reitnum breytist. Einnig er hægt að tilkynna veikindi með því að hringja eða senda tölvupóst á hskoli@hofsstadaskoli.is.

Stillingar aðstandenda

(Hvaða upplýsingar mega aðrir aðstandendur í bekknum sjá um mig)

Þegar þú hefur skráð þig inn getur þú stillt þínar friðhelgisstillingar. Til að gera það smellir þú á nafnið þitt í hægra horninu og velur *persónuvernd*. Þar getur þú stillt hvaða upplýsingar þú vilt að séu sýnilegar fyrir aðra aðstandendur í *bekkjarlista*. Eldri notendur í kerfinu eru með flestar stillingar opnar en nýir notendur þurfa að stilla þetta sjálfir vegna nýrra persónuverndarlaga. Aðstandandi velur þá möguleika sem hann vill að birtist öðrum á bekkjarlista barnsins. Það er gert með því að smella á reitina með tölunni 0 og þá breytist dálkurinn, verður fjólublár og sýnir töluna 1 og þar með eru upplýsingar sýnilegar öðrum. **Ef nafn aðstandanda er ekki sýnilegt er EKKI hægt að senda viðkomandi póst í gegnum tengiliðalistann í Minn Mentor.** Netfang viðkomandi er þó aldrei sýnilegt öðrum aðeins möguleikinn að senda póst.








Athugið að ef aðstandandi á fleiri en eitt barn þarf hann að stilla þessar stillingar hjá öllum börnunum með því að velja barnið og stilla.

Námsmat

Haustið 2019 var innleitt hæfnimiðað námsmat í öllum árgöngum skólans. Það á að veita góða yfirsýn yfir stöðu nemandans í hverri námsgrein. Hæfniviðmið eru skilgreind inn í Mentor í hverri námsgrein í hverjum árgangi.

Nemendur fá reglulega upplýsingar yfir skólaárið um hæfni á hverjum tíma og er lögð áhersla á reglulega endurgjöf og leiðsögn til nemenda. Námsmatið fer fram jafnt og þétt allt skólaárið en er ekki annaskipt eins og verið hefur. Þegar hæfni er metin þá er stuðst við eftirfarandi: Hvort **hæfni sé náð**, hvort nemandi sé á **góðri leið**, hvort nemandi **þarfnist þjálfunar** eða að **hæfni sé ekki náð**. Einnig er hægt að gefa nemendum **framúrskarandi** í ákveðnum námsþáttum.

 Framúrskarandi	Sýnir framúrskarandi hæfni sem er meiri en ætlast er til af nemendum í árganginum.
 Hæfni náð	Sýnir hæfni sem ætlast er til, fáar eða engar skekkjur á því sem kennt er.
 Á góðri leið	Hefur náð meginþorra hæfninnar. Fáar skekkjur á einföldum þáttum en mun fleiri ef um flóknari þætti er að ræða.
 Þarfnast þjálfunar	Hefur ekki fyllilega náð hæfni. Lítil skilningur á námsefni sem lagt er til grundvallar.
 Hæfni ekki náð	Hefur ekki náð hæfni. Skólinn gerir sérstaka grein fyrir hæfni nemenda með umsögn.

Búið er að bæta lokið/ólókið við kvarðann.

Meginástæðan fyrir nýjum matskvarða er að með gildandi aðalnámskrá er aukin áhersla lögð á hæfniviðmið sem sett eru í hverjum árgangi. Það er í samræmi við áherslubreytingar í menntun hér á landi og í nágrennalöndunum.

Í lok skólaársins fá nemendur afhent vitnisburðarblað þar sem tekin er saman hæfnieinkunn úr hverri námsgrein. Mögulegt er að skoða námsmatið ítarlegar inn í Mentor og öll hæfniviðmið í viðkomandi greinum til að fá betri mynd af námsframvindunni.

InfoMentor Home appið

Aðstandendur og nemendur geta hlaðið niður appinu InfoMentor Home sem bæði er aðgengilegt á Appstore og Google Play Store. Á eftirfarandi slóð má finna myndband sem sýnir hvernig eigi að setja appið upp í símanum ásamt því að sýna virkni í appinu. Myndband fyrir uppsetningu á Appi https://youtu.be/X4rEAFt_HKk

Flestar upplýsingar koma fram í appinu en hins vegar er ekki hægt að nálgast dagbókarfærslur í appinu og til að nálgast þær þarf að fara í gegnum vefinn

Ef þú lendir í vandræðum með appið þá skaltu athuga eftirfarandi:


- Hefur þú skipt um síma síðan þú hlóðst niður appinu? Ef svo er gætir þú þurft að afpara og para á ný. Í sumum tilfellum virkar þetta einnig sem nokkurs konar endurræsing þó að sami sími sé í notkun.
- Ef þú hefur verið með appið en barnið skiptir um skóla og appið lokast hjá þér gæti þurft að „synca“ aðganginn þinn við nýjan skóla. Hafðu þá samband við skólann sem hefur samband við Mentor og lætur vita af vandanum.

Nýjar færslur

Aðstandendur og nemendur fá upplýsingar um nýjar færslur í Mentor eins og t.d. um nýtt námsmat, nýja skráningu í heimavinnu, ástundunarskráningar o.fl. með því að smella á tilkynningabjölluna. Notendur geta stillt það sjálfir hvaða tilkynningar þeir fá.

Gott að vita:

- Ef þú átt fleiri en eitt barn þá sérðu efst á skjánum hvaða barni gögnin tilheyra. Með því að smella á nafnið getur þú valið annað barn og þá koma upplýsingarnar sem tilheyra því barni.
- Einnig er hægt að fara inn á heimsíðu Mentors <https://www.infomentor.is/adstod/> þar er að finna svör við algengum spurningum fyrir aðstandendur og nemendur. Þar er einnig að finna ítarlega handbók. <https://www.infomentor.is/2020/03/23/handbok-fyrir-adstandendur/>



Gangi ykkur vel og hikið ekki við að hafa samband ef eitthvað er óljóst.

Kennarar og stjórnendur Hofsstaðaskóla